

Almennir viðskiptavinir	7000.00 kr. á klst.
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	6000.00 — — —
Háskóli Íslands, stofnanir hans og aðrir skólar	3000.00 — — —

Framangreind gjaldskrá er sett með skírskotun til reglugerðar nr. 255/1971, um breyting á reglugerð nr. 4/1971, um Raunvísindastofnun Háskólans, og gildir frá 1. janúar 1974 að telja, uns öðruvísi verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 6. janúar 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur og Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 16.50 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 6.50 hver kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 82.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 25.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 3.90 hver kWst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 1.70 á mánuði af gólfflatarferm. íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

3. Vélantöknun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 9.10 hver kWst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 2 025.00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 8.50 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt og mjólkuriðnaðar er yfir 20 kW.
 - a) Um kWst.-mæli á kr. 2.90 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á mesta álagstíma rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir véla-lagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b) Um tvígjaldsmæli kr. 18.20 hver kWst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en í klst. í senn, en kr. 2.90 hver kWst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 4 570.00 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 1.70 á notaða kWst. Gjald vegna ljósantöknunar

kr. 48.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 21.00 á fermetra hvern í vörugæymslum, annars staðar á kr. 38.00.

5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 1.25 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 0.65 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 2.40 hver kWst., án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

- a) Að linur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 5.30 hverja kWst. enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 10.00 hverja kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 1.70 hver kWst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 3.95 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 5.60 hver kWst.
Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal selja eftir gjaldskrárlið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasamælum upp að 30 amper	kr. 25.00 á mán.
Af þrifasamælum 50—220 amper	— 88.00 — —
Af þrifasamælum upp að 50 amper	— 33.00 — —
Af þrifasamælum yfir 220 amper	— 122.00 — —
Af álagsstýringarliðum	— 100.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 600.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 600.00 á skrifstofu rafveitunnar.

3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð skv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og, eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínakerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárlíður	Málstraumur stofnvara		KVA	Heimtaugargjald kr.
	i 3 × 220 V kerfi amper	i 3 × 380 V kerfi amper		
1.	2 × 60	1 × 100	13	14 730.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	19 190.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	27 510.00
4.			50 sp.	32 600.00
5.		3 × 100	66	45 400.00
6.	3 × 200	3 × 125	75	55 030.00
7.		3 × 200	100 sp.	65 170.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	90 340.00
9.			150 sp.	103 620.00
10.			200 sp.	130 350.00
11.	3 × 350	3 × 350	231	147 480.00
12.			300	207 300.00
13.			500	346 340.00

sp. — spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknist frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

$Y_j = (312 + KVA)$ kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: $Y_1 = (62 + 3 KVA)$ kr./m að viðbættum kr. 6 830.00 á hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amper einfasa	kr. 3 620.00
60 amper þrífasa	— 4 340.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður not-

enda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur og viðlagagjald er innfalið í gjöldunum, nema af raforku til húshitunar. Rafveitunum er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. til 6. lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 90 15. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 7. febrúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum.

I.

Línu- og netaveiðisvæði fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu eru bannaðar veiðar frá 1. mars til 1. maí 1974 á eftirgreindum svæðum:

1. Vestan $20^{\circ}59'0$ v.lgd. og austan línu, sem dregin er réttvísandi 213° frá Reykjanesaukavita ($63^{\circ}48'0$ n.br. og $22^{\circ}41'9$ v.lgd.) Að utan takmarkast þetta svæði af línu, sem dregin er milli eftirfarandi punkta:

- | | |
|---------------------------|-------------------------|
| 1. $63^{\circ}34'0$ n.br. | $20^{\circ}59'0$ v.lgd. |
| 2. $63^{\circ}34'0$ n.br. | $21^{\circ}26'0$ v.lgd. |
| 3. $63^{\circ}41'2$ n.br. | $21^{\circ}45'5$ v.lgr. |
| 4. $63^{\circ}41'2$ n.br. | $22^{\circ}21'0$ v.lgd. |

og þaðan í réttvísandi 250° .

2. Milli $64^{\circ}05'0$ og $63^{\circ}58'0$ n.br. Að utan takmarkast svæði þetta af 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Frá 1. apríl til 1. maí skulu skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, einnig bannaðar veiðar á svæði er takmarkast af $20^{\circ}48'0$ v.lgd. og $20^{\circ}59'0$ v.lgd. norðan $63^{\circ}34'0$ n.br.